

## Endurskoðað samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs

Þjóðhagsráð var stofnað með samkomulagi forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands þann 8. júní 2016 í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands frá 29. maí 2015 og rammasamkomulags aðila á vinnumarkaði frá 27. október 2015.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna undirritunar Lífskjarasamningsins hinn 3. apríl 2019 kom fram að vilji væri á að heildarsamtök á vinnumarkaði verði einnig aðilar að Þjóðhagsráði. Einnig að ráðið fái útvíkkað hlutverk með það að markmiði að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika.

Með hliðsjón af framansögðu undirritar ríkisstjórn Íslands, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og Seðlabanki Íslands endurskoðað samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs.

Um Þjóðhagsráð gilda eftirfarandi ákvæði:

### 1. gr.

Markmið Þjóðhagsráðs er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál. Þjóðhagsráð skal fjalla um stöðu í efnahags- og félagsmálum og ræða samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni. Ráðið skal beina umfjöllun sinni sérstaklega að þáttum þar sem samhæfingu er helst ábótavant. Í Þjóðhagsráði skal m.a. fara yfir stöðu aðgerða í yfirlýsingum stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga.

### 2. gr.

Þjóðhagsráð tekur ekki ákvarðanir í efnahags- eða kjaramálum og stofnun þess breytir ekki lögbundnum hlutverkum þeirra aðila sem að ráðinu standa.

### 3. gr.

Formenn stjórnmalaflokka sem sitja í ríkisstjórn hverju sinni eiga aðild að Þjóðhagsráði, þó ætíð forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, ásamt forystufólki Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Seðlabanka Íslands.


### 4. gr.

Forsætisráðherra stýrir fundum Þjóðhagsráðs. Hann boðar jafnframt fundi ráðsins í samráði við aðila þess. Halda skal fundi í ráðinu að lágmarki fjórum sinnum á ári og skulu þeir að jafnaði boðaðir með tveggja vikna fyrirvara. Í upphafi árs skal gera áætlun um fundi ársins. Hver aðili að ráðinu getur tekið með sér starfsmann á fundi ráðsins samkvæmt nánara samkomulagi á milli aðila.


5. gr.


Fundargerð fundar Þjóðhagsráðs er opinbert skjal. Hún skal birtast á íslensku og ensku á heimasíðu ráðsins á vef Stjórnarráðsins. Í fundargerð skal greina frá fundarefni og birta eins fljótt og auðið er þau gögn sem lágu til grundvallar umræðu á fundinum, séu þau ekki háð trúnaði.


Reykjavík, 18. júní 2019


  
Forsætisráðherra

  
Fjármála- og efnahagsráðherra,


  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

  
Alþýðusamband Íslands

  
Bandalag háskólamanna

  
BSRB

  
Kernarasamband Íslands

  
Samband íslenskra sveitarfélaga

  
Samtök atvinnulífsins

  
Seðlabanki Íslands